

**Ed.**

**318. Breytingartillaga**

**[99. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Einari Ágústssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (2. gr.) 7. gr. laganna breytist þannig:  
Þriðji málsliður í C-lið greinarinnar:  
„Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964“, falli burt.
- b. (3. gr.) Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta lánsamningum, sem gerðir hafa verið við húsbyggjendur, á þann veg, að hækkun eða lækkun á ársgreiðslum, samkv. vísitölu, falli niður.
- c. (4. gr.) Ríkissjóður bætir Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljóttast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánsamningum skv. 3. gr.